

Kennsluáætlun 2020 - 2021

Lífsleikni 6. bekkur

Í lífsleikni í 6. bekk eru 2 kennslustundir á viku. Kennari er Elsa Sigrún Elísdóttir.

Vinnulag

Í kennslustundum í lífsleikni er lögð áhersla á samræður um efni hvers tíma, virkni nemenda í að koma skoðunum sínum á framfæri og vera gagnrýnin á umhverfi sitt og sögu. Notast verður við texta af neti auk ýmissa annarra verkefna sem kennari tekur til. Foreldrar bera ábyrgð á að fylgjast með inn á mentor.is.

Nemendur vinna ýmist einir í paravinnu eða í stærri hópum..

Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Að nemendur geri sér grein fyrir að allir eigi jafnan rétt og að lýðræði og mannréttindi er ekki eitthvað sem við vinnum okkur inn heldur eiga allir rétt á þessu. Uppeldi til ábyrgðar	Börn í okkar heimi. Krakkaspjall Uppeldi til ábyrgðar Gildi Reglur Ýmist efni af neti. RUV.is Leikir	Nemandi getur - gera sér grein fyrir hvernig tilfinningar hafa áhrif á hegðun og samskipti. - geta tjáð og fært rök fyrir hugsunum, skoðunum, tilfinningum og væntingum gagnvart öðrum. - vera meðvitaður um gildi mannréttinda og jafnréttis. - átta sig á því að við getum bara haft stjórn á okkur sjálfum og engum öðrum. - geri sér grein fyrir hvað jákvæð samskipti skipti miklu máli.	Reglur hópsins gerðar sýnilegar. Gildi hópsins gerðar sýnilegar.

		• geri sér grein fyrir mismunandi fjölskyldugerðum og stöðu einstaklinga innan þeirra. • geta tileinkað sér holla neysluhætti og svefnvenjur. • geti unnið með öðrum í hópi og átt góða samvinnu. • geri sér grein fyrir að hver og einn velji sér þá trú sem hann vill trúa á hvar sem hann býr í heiminum. • geri sér grein fyrir að hreyfing er nauðsynleg til langs tíma. • geri sér grein fyrir að allir eiga sama tilverurétt á jörðinni, saman hvaðan þeir koma.	

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, um viðfangsefni.

Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Virkni og þátttaka í tímum er höfð að leiðarljósi í námsmati.

Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir önnina þar sem fyllt er inn á hæfnikort nemenda í Mentor.

Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlök

Birt með fyrirvara um breytingar.

Með ósk um gott gengi,

Elsa Sigrún Elísdóttir